

Ed.

486. Nefndarálit

nm frv. til laga nm Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er ekki að öllu leyti ánægð með þá meðferð, sem frv. þetta hefir fengið í hv. Nd., þar sem tekið hefir verið út úr frv. ákvæði um rekstrarlánadeild. Einnig telur nefndin að hinum upphaflega tilgangi sjóðsins, að veita smábátaútveginum hagkvæm lán, hafi verið spillt með því að færa stærð þeirra skipa, sem láns geta notið úr sjóðnum, úr 35 smálestum upp í 50 smálestir, eins og gert var við atkvæðagreiðslu í Nd. móti tillögum sjávarútvegsnefndar þingdeildarinnar. En þar sem mjög er liðið á þingtímann og óttast má, að frv. næði ekki fram að ganga, ef gerðar yrðu á því breytingar, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þó ritar einn nefndarmanna undir með fyrirvara.

Alþingi, 11. apríl 1930.

Erlingur Friðjónsson,
form., frsm.

Ingvar Pálmason,
fnndaskr.

H. Steinsson,
m. fyrirv.